

Nd.

436. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það verið samþykkt.

Hvergi mun vera að finna í islenzkum lögum ákvæði, er skyldi félög til að leggja ákveðinn hundraðshluta af umsetningu í varasjóð, ef frá er talið ákvæði laga nr. 46/1937, sem gert er ráð fyrir að breyta með frumvarpi þessu. En þróun, vöxtur og viðgangur samvinnufélaga á undanförunum áratugum bendir ótvírætt til þess, að þeim sé ekki síður en öðrum félögum treystandi til að hafa frjálsræði um meðferð fjármuna sinna að þessu leyti.

Að sjálfsögðu felur frumvarp þetta ekki í sér bann við því, að samvinnufélög leggi fjárhæðir í varasjóð, heldur er markmið þess að veita félögunum sjálfum rétt til að ákveða varasjóðstillög eftir því, sem afkoma og aðstæður leyfa. Hins vegar er þó enn haldið þeirri reglu, að hreinn ágóði af utanfélagsviðskiptum skuli lagður í varasjóð, sé honum ekki á annan hátt varið til almenningsþarfa.

Ef skipulagshættir samvinnufélaga eru nánar athugaðir, kemur í ljós, að fjárhagsgrundvöllur þeirra er mun betur tryggður en annarra félaga. Í 26. gr. laga nr. 46/1937, um samvinnufélög, er svo ákveðið, að tekjuafgang megi ekki greiða út til félagsmanna, fyrr en allar eignir hafi verið afskrifaðar nægilega, árgjöld í sjóði hafi verið greidd og 3% af verði aðkeyþra vara, sem félagsmenn hafa keypt, verið lagt í stofnsjóð, sem er eign félagsmanna. En stofnsjóðsinnstæður félagsmanna í kaupfélögum eru til tryggingar skuldbindingum félagsins, sbr. 5. gr., 8. tl.

Samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga má úthluta arði til hluthafa, þótt tap hafi orðið á rekstri félagsins, ef arðstryggingarsjóður er fyrir hendi hjá félaginu (33. gr. laga nr. 77/1921). Svo mikið frjálsræði í meðferð fjár er samvinnufélögum ekki veitt, að þau geti úthlutað tekjuafgangi, þótt tap verði á rekstri félagsins.

Að öllu þessu athuguðu virðist rétt að veita samvinnufélögum þann sjálfs-ákvörðunarrétt á borð við önnur félög, sem frumvarp þetta stefnir að.

Alþingi, 21. apríl 1958.

Pétur Pétursson,
form.

Gísli Guðmundsson,
fundaskr., frsm.

Gunnar Jóhannsson.